

## AUGLÝSING

### um hækkun hunda- og kattaleyfisgjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, samþykktar um kattahald nr. 246/2000 og samþykktar um hundahald nr. 252/2000 í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð nr. 47/2002. Í 1. gr. gjaldskrár verður leyfisgjald fyrir hvern hund 8.570 kr. og í 2. gr. verður leyfisgjald fyrir kött 2.815 kr. Í 4. gr. verður hand-sömunargjald í fyrsta skipti 4.410 kr. og eftir hvert skipti 8.570 kr. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 15. desember 2005 og öðlast þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 24. apríl 2006.*

**Gunnar Jónsson,**  
forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2006